

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2020
Tilvísun: 2020020884/SBM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 82. mál

Persónuvernd vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 4. febrúar 2020 um umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá) (pskj. 82, 82. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að aðgangur, sem almenningur hefur þegar að upplýsingum í ársreikninga og fyrirtækjaskrá verði gerður gjaldfrjáls. Frumvarpið var áður lagt fram á 149. löggjafarþingi (852. mál) og 148. löggjafarþingi (12. mál) en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt efnislega óbreytt.


Persónuvernd veitti umsögn, dags. 14. mars 2018, um frumvarp það sem lagt var fram á 148. löggjafarþingi. Þar kemur fram að Persónuvernd telji ekki tilefni til efnislegra athugasemda við efni frumvarpsins en minnir á að við vinnslu persónuupplýsinga beri að fara að löggjöf þar að lútandi, sbr. nú lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd leggur áherslu á að farið sé að meginreglum laga nr. 90/2018, meðal annars að gæta meðalhófs við alla söfnun og vinnslu persónuupplýsinga og að ekki skuli birta umfangsmeiri upplýsingar en nauðsynlegt er miðað við þann tilgang sem stefnt er að.

Með vísan til framangreinds ítrekar Persónuvernd fyrri umsögn sína.

F.h. Persónuverndar,



Helga Þórisdóttir



Steinunn Birna Magnúsdóttir